



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 20. janúar 2017
1701211 SPH/gjó

Efni: Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 102 breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 19. janúar 2017, var fjallað um breytingu á greinargerð deiliskipulags Stofnanareits vegna Vesturgötu 102.

Gildandi sérákvæði aðalskipulags Akraness um lóðina er þjónustustarfsemi, þjónustustofnanir og íbúðir.

Sérákvæði í greinargerð gildandi deiliskipulags:


"Vesturgata 102 og 104, lóð vistheimilis fatlaðra. Gert er ráð fyrir að stækkan þessa heimilis geti orðið á lóð nr. 104, þá einnar hæðar bygging".

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að ofangreindu sérákvæði verði breytt með eftirfarandi hætti:

"Á Vesturgötu 102 er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi, þjónustustofnun og/eða íbúðum í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi. Einna hæðar bygging".

Breyting verði afgreidd í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem heimilað er að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Auglýsingum um breytinguna skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sigurður Páll Harðarson

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Meðf.: Greinargerð sviðsstjóra

